



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Blómaskreytir

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Florist

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- hefur víðtæka plöntuþekkingu og meðhöndlar afskorin blóm og annað skreytingaefni í samræmi við þarfir viðkomandi tegunda
- þekkir algengustu skaðvalda garð- og pottaplantna og mótvægisáðgerðir gegn þeim
- útbýr blómaskreytingar í öllum helstu stílbrigðum og sér til þess að framsetning vöru og útstilling sé í samræmi við tilefni
- býr yfir góðri sölutækni, getur metið aðstæður á markaði og er fær um að reka blómaverslun með hagkvæmum hætti
- getur unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum í starfi
- getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum
- miðar störf sín við óskir og þarfir viðskiptavina og leiðbeinir þeim um val og meðferð afskorinna blóma, pottaplantna, garðblóma, trjáa og runna
- kemur fram af fagmennsku og virðingu við viðskiptavinum, er meðvitaður um ábyrgð sína og stöðu þegar þörfum þeirra er sinnt, sérstaklega í kringum viðkvæma atburði í lífi þeirra.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Blómaskreytir vinnur í blómaverslun eða blómaheildsölu við vöruuppsetningu, sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Hann útbýr skreytingar fyrir öll tækifæri, ráðleggur um plöntuval í garða og hefur ríkar starfsskyldur gagnvart viðskiptavinum. Blómaskreytir er hæfur til að starfa sem verslunarstjóri blómaverslunar og reka eigið blómaskreytingafyrirtæki.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

| | |
|---|---|
| Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út. | Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneyti |
| Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep | Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5 |
| Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs | Alþjóðlegir samningar |
| Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. | |

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími 72 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 60 vikur.

Inngönguskilyrði

1 – 2ja ára framhaldsskólanám og 12 vikna starf í blómaverslun

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is